

Bekkur: 2. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Katrín K. Baldvinsdóttir og Laufey Einarsdóttir

Tímafjöldi: 6 tímar á viku



Námstögn:

Lestrarbækur við hæfi hvers og eins

Við lesum B lestrarbók ásamt vinnubók, Litla Lesrún (lesa – skilja – læra), Orð og setningar lestrarvinnubók, Ritrún 2

Ítalíuskript (Úr kroti í skrift), Skrift 2

Græni blýanturinn

Ýmis ljósrit og efni frá kennara

Lykilhæfni:

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Njarðvíkurskóla.

Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

| Námsflokkar | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|-----------------------------|--|---|---|
| Talað mál, hlustun og áhorf | <i>Nemandi geti:</i> <ul style="list-style-type: none">tjáð sig fyrir framan hóphlustað á aðra í hópi og meðtekið upplýsingartekið virkan þátt í umræðum þegar við ákomið þekkingu sinni á framfæri eins og við á hverju sinnisagt frá eftirminnilegum atburðum og endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesiðunnið með öðrum í stórum og litlum hópumnýtt sér leiðsögn | <ul style="list-style-type: none">Umræður um málefni líðandi stundar.Nemendur lesa upp sögur og texta eftir sjálfa sig og aðra.Hópavinna. | <ul style="list-style-type: none">Lykilhæfni er metin út frá samvinnu, sjálfstæði og framsögn. |
| Lestur og bókmenntir | <i>Nemandi geti:</i> <ul style="list-style-type: none">nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu hans út frá samhengi | <ul style="list-style-type: none">Mikil áhersla verður lögð á lestur bæði í hraða og lesskilningi.Nemendur lesa daglega upphátt í skólanum og reglulega í hljóði í bókasafnsbók. | <ul style="list-style-type: none">Prófað er í lesfimi þrisvar sinnum yfir skólaárið.Prófað er í lesskilningi fjórum sinnum yfir skólaárið. |

| | | | |
|----------|--|--|---|
| | <ul style="list-style-type: none"> • beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr • aukið leshraða sinn og lesskilning með fjölbreyttum verkefnum • valið sér lesefni eftir áhuga, lesið sögur, ljóð og fræðandi efni sem hæfir lestrargetu sér til ánægju og skilnings • beitt einföldum bókmenntahugtökum t.d. persónu og umhverfi í sögu • lesið úr tákmyndum og myndrænu efni | <ul style="list-style-type: none"> • Nemendur leysa fjölbreytt lesskilningsverkefni. • Lesið verður daglega fyrir nemendur, bæði til skemmtunar og fróðleiks. • Kórlestur. • Paralestur. | |
| Ritun | <p><i>Nemandi geti:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega • nýtt þekkingu á grunnþáttum í uppbyggingu texta s.s. upphaf, meginmál og niðurlag • samið texta frá eigin brjósti - sögu, ljóð eða skilaboð • beitt einföldum stafsetningarreglum | <ul style="list-style-type: none"> • Fjölbreytt ritunarverkefni þar sem nemendur þurfa m.a. að skrifa frá eigin brjósti og setja sig í aðstæður. • Nemendur læra ljóð í skóla og heima, skrifa niður og myndskreyta. • Nemendur skrifa eftir forskrift. | <ul style="list-style-type: none"> • Skriftarpróf tvisvar yfir skólaárið |
| Málfræði | <p><i>Nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • þekki helstu hugtök málfræðinnar svo sem hljóð, bókstafi, orð, samsett orð, málsgreinar, setningar, sérhljóða, samhljóða, samheiti og andheiti • geti raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag • kynnast nafnorðum, lýsingarorðum og sagnorðum • þekki mun á samnöfnum og sérnöfnum • geti búið til setningar • leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma | <ul style="list-style-type: none"> • Innlagnir verða á málfræðiþáttum og verkefni unnin samhliða. | <ul style="list-style-type: none"> • Leiðsagnarmat allt skólaárið |

Lesfimi - prófað þrisvar á skólaárinu, metin eru lesin orð á mínútu.

Lesskilningur - leiðsagnarmat í október og mars og námsmat í janúar og maí, hærri einkunnin gildir sem lokaeinkunn.

Skrift – prófað tvisvar á skólaárinu.

Málfræði – leiðsagnarmat yfir skólaárið.